

Rit nr. 2/2024

Viðhorf almennings til samkeppnismála

Niðurstöður viðhorfskönnunar sem framkvæmd var árið 2023

Bakgrunnsupplýsingar

Kynningin

Hér er að finna kynningu á niðurstöðum könnunar um viðhorf almennings til ýmissa þátta tengdum samkeppnismálum sem framkvæmd var árið 2023. Þá er að finna samanburð við áþekka könnun [ESB frá árinu 2022](#) og [könnun Samkeppniseftirlitsins frá árinu 2019 um viðhorf almennings til samkeppnismála](#).

Kynning þessi er unninn á grunni könnunar sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmdi að beiðni Samkeppniseftirlitsins um viðhorf almennings til samkeppnismála.

Skýrslu Félagsvísindastofnunar má finna í viðauka við kynningu þessa.

Aðferðafræði

Spurningalistinn fyrir könnunina byggðist á spurningalista sem framkvæmdastjórn ESB lagði fyrir almenning í aðildarríkjum sambandsins árið 2022. Samkeppniseftirlitið þýddi hann og staðfærði og hann var síðan rýndur af Félagsvísindastofnun.

Tekið var 2000 manna lagskipt slembiúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Gagnaöflun hófst 20. júní 2023 og lauk 18. júlí 2023. Póstur barst ekki til fjögurra aðila og er því nettó stærð úrtaksins 1.996 manns. Allt að þrjár ítrekanir voru sendar í tölvupósti til þeirra sem ekki höfðu svarað.

Alls svöruðu 1.247 manns könnuninni og er þátttökuhlutfallið því 62%.

Úrvinnsla

Í töflum og myndum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Því er ekki sami fjöldi svara á bak við hverja töflu og mynd þar sem sumir þátttakendur völdu að svara ekki einstaka spurningum.

Þá ber að hafa í huga að í einhverjum tilvikum kunna samanlagðar prósentutölur að vera 99% eða 101% í stað 100% vegna námundunar og ónákvæmni í aukastöfum sem getur myndast vegna vigtnar gagna.


Í kynningunni er einungis fjallað um mun á milli svara, ára eða kannana þegar munurinn er tölfræðilega marktækur ($p < 0,05$).

Um netpanel Félagsvísindastofnunar

Netpanell Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnunum á vegum stofnunarinnar. Netpanellinn byggist á tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Söfnun í netpanel á sér stað jafnt og þétt og fylgst er vel með samsetningu hans.

Jákvætt viðhorf til samkeppnismála

- 94% svarenda telja virka samkeppni hafa góð áhrif á sig sem neytendur.
- Um 8 til 9 af hverjum 10 telja samkeppni hafa jákvæð áhrif á neytendur og fyrirtæki. Hlutfallið hefur lítið breyst frá síðustu könnun árið 2019.
- Viðhorf almennings til jákvæðra áhrifa samkeppni jákvæðara hér á landi (86%) en í ESB (75%).
- Mikill meirihluti svarenda telur að samkeppnisstefna hafi margvísleg jákvæð áhrif.
- Um 8 til 9 af hverjum 10 telja að stefna stjórnvalda sem ýtir undir virka samkeppni geti haft gagnleg áhrif á nýsköpun, hagvöxt, atvinnustig og stuðli að betri og ódýrari vörum og þjónustu fyrir alla.



Vandamál sökum skorts á samkeppni útbreidd

- Um og yfir 8 af hverjum 10 Íslendingum hafa upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni í samanburði við um 6 af hverjum 10 í ESB.
- Íslendingar verða mest varir við vandamál sökum skorts á samkeppni á matvörumarkaði (36%), í fjármálaþjónustu (35%) og farþegaþjónustu (26%). Í könnun ESB nefna hins vegar flestir orkumarkað, matvörumarkað og síma- og netþjónustu.
- Hátt verð og lítill verðmunur oftast nefnt þegar spurt er hver séu helstu vandamál á viðkomandi mörkuðum.
- Verðlag var oftast nefnt sem vandamál á farþegaþjónustumarkaði (61%) og matvörumarkaði (58%). Lítill verðmunur var oftast nefnt af þeim sem töldu skort á samkeppni í fjármálaþjónustu (67%).



Mikill stuðningur við aðgerðir til að auka samkeppni

- Nær allir svarendur telja mikilvægt, til að hvetja til aukinnar samkeppni, að koma í veg fyrir samráð og að sterkir aðilar misnoti stöðu sína (97%).
- Um 8 af hverjum 10 svarendum telja mikilvægt að draga úr forskoti frá samkeppnisaðilum sem njóta ríkisstyrkja innan og utan Evrópska efnahagsvæðisins.
- Hærra hlutfall almennings hér á landi er sammála mikilvægi aðgerða til þess að hvetja til aukinnar samkeppni (90%) í samanburði við meðaltal ESB (82%).



Almenningur meðvitaður um samkeppnismál

- Færri Íslendingar heyrðu eða lásu um samkeppnismál árið 2023 (58%) í samanburði við 2019 (68%). Í könnun ESB höfðu 5 af hverjum 10 gert slíkt.
- Flestir svarendur höfðu lesið eða heyrt um mál tengd misnotkun á markaðsráðandi stöðu (66%) og fæstir lesið eða heyrt um mál tengt ríkisstyrkjum eða ríkisaðstoð (48%).
- 8 af hverjum 10 nefndu Samkeppniseftirlitið þegar spurt var hjá hverjum málið var til meðferðar samanborið við 6 af 10 í könnun EBS.
- 4 af hverjum 10 nefndu Samkeppniseftirlitið þegar spurt er hvert eigi að leita vegna samkeppnisvandamála.
- Flestir svarendur höfðu lesið um samkeppnismál í dagblaði, tímariti eða vefmiðlum (57%), næst algengast var í sjónvarpi (49%) og samfélagsmiðlum (49%).



Efnisyfirlit


1. Viðhorf almennings til samkeppnismála
2. Vandamál sökum skorts á samkeppni
3. Aðgerðir til þess að auka samkeppni
4. Viðhorf til samkeppniseftirlita

1

Viðhorf almennings til samkeppnismála


Rúmlega 9 af hverjum 10 telja virka samkeppni hafa góð áhrif á sig sem neytendur

- 94% svarenda telja virka samkeppni hafa jákvæð áhrif á sig sem neytendur í samanburði við 97% árið 2019.



Um 8 til 9 af hverjum 10 telja samkeppni hafa jákvæð áhrif á neytendur og fyrirtæki...

- Um og yfir 85% sammála því að samkeppni stuðli að betra verði, gæðum og úrvali.
- Um 9 af 10 sammála því að samkeppni hvetji til nýsköpunar, hagvaxtar og stafrænnar framþróunar og hjálpi evrópskum fyrirtækjum að verða samkeppnishæfari.
- Um 77% sammála því að samkeppni stuðli að auknu framboði af umhverfisvænum vörum og þjónustu.



Spurning 5. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?

Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að betra verði fyrir neytendur

Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að betra úrvali fyrir neytendur

Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að meiri gæðum á vörum og þjónustu

Samkeppni á milli fyrirtækja örvar nýsköpun og hagvöxt

Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að auknu framboði af umhverfisvænum vörum og þjónustu


Samkeppni á milli fyrirtækja hvetur til stafrænnar framþróunar viðskiptalífs og samfélagsins

Samkeppni hjálpar evrópskum fyrirtækjum að verða samkeppnishæfari á alþjóðlegum markaði

Félagsvísindastofnun: Tafla 28-48.

...og hlutfallið hefur lítið breyst frá síðustu könnun árið 2019

- Viðhorf almennings á Íslandi um áhrif samkeppni hafa lítið breyst frá 2019.
- Þó er munur á viðhorfi til örvandi áhrifa samkeppni á nýsköpun og hagvöxt en hlutfall þeirra er voru sammála hækkaði úr 87% árið 2019 í 90% árið 2023.



Spurning 5. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?

Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að betra verði fyrir neytendur

Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að betra úrvali fyrir neytendur

Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að meiri gæðum á vörum og þjónustu

Samkeppni á milli fyrirtækja örvar nýsköpun og hagvöxt

Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að auknu framboði af umhverfisvænum vörum og þjónustu


Samkeppni á milli fyrirtækja hvetur til stafrænnar framþróunar viðskiptalífs og samfélagsins

Samkeppni hjálpar evrópskum fyrirtækjum að verða samkeppnishæfari á alþjóðlegum markaði

Félagsvísindastofnun: Tafla 28-48.

Viðhorf almennings til jákvæðra áhrifa samkeppni jákvæðara hér á landi (86%) en í ESB (75%)

- Hærra hlutfall almennings á Íslandi sammála um jákvæð áhrif samkeppni, eða að meðaltali 86%, í samanburði við 75% að meðaltali í ESB.



Spurning 5. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?

Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að betra verði fyrir neytendur

Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að betra úrvali fyrir neytendur

Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að meiri gæðum á vörum og þjónustu

Samkeppni á milli fyrirtækja örvar nýsköpun og hagvöxt

Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að auknu framboði af umhverfisvænum vörum og þjónustu


Samkeppni á milli fyrirtækja hvetur til stafrænnar framþróunar viðskiptalífs og samfélagsins

Samkeppni hjálpar evrópskum fyrirtækjum að verða samkeppnishæfari á alþjóðlegum markaði

Félagsvísindastofnun: Tafla 28-48.

Þá telja um 8 til 9 af hverjum 10 að stefna stjórnvalda sem ýtir undir virka samkeppni geti haft gagnleg áhrif á nýsköpun, hagvöxt, atvinnustig og stuðli að betri og ódýrari vörum og þjónustu fyrir alla...

- Um 8 til 9 af hverjum 10 sammála um að stefnumótun stjórnvalda sem ýtir undir virka samkeppni geti haft margvísleg gagnleg áhrif.
- 86-88% sammála um að stefnumótun sem ýtir undir virka samkeppni geti haft gagnleg áhrif til að örva nýsköpun, hagvöxt og atvinnustig.
- 81% sammála um að stefnumótun sem ýtir undir virka samkeppni geti haft gagnleg áhrif til að stuðla að betri og ódýrari vörum og þjónustu fyrir alla.




Spurning 8. Getur stefnumótun stjórnvalda sem ýtir undir virka samkeppni haft mjög gagnleg áhrif, nokkuð gagnleg áhrif, engin áhrif eða skaðleg áhrif til að ná fram eftirfarandi markmiðum:
-Örva hagvöxt og atvinnustig
-Örva nýsköpun
-Stuðla að betri og ódýrari vörum og þjónustu fyrir alla

Félagsvísindastofnun: Tafla 68-76.

... sem er ívið hærra hlutfall en að meðaltali í ESB

- 87-88% svarenda hér á landi telur að stefna stjórnvalda sem ýtir undir virka samkeppni geti haft gagnleg áhrif til að örva nýsköpun, hagvöxt og atvinnustig í samanburði við 82-85% að meðaltali í ESB.
- 81% svarenda hér á landi telja að stefnumótun stjórnvalda sem ýtir undir virka samkeppni geti haft gagnleg áhrif til þess að stuðla að betri og ódýrari vörum og þjónustu fyrir alla í samanburði við 83% að meðaltali í ESB.



Spurning 8. Getur stefnumótun stjórnvalda sem ýtir undir virka samkeppni haft mjög gagnleg áhrif, nokkuð gagnleg áhrif, engin áhrif eða skaðleg áhrif til að ná fram eftirfarandi markmiðum:

- Örva hagvöxt og atvinnustig
- Örva nýsköpun
- Stuðla að betri og ódýrari vörum og þjónustu fyrir alla


Félagsvísindastofnun: Tafla 68-76.

2

Vandamál sökum skorts
á samkeppni

Um og yfir 8 af hverjum 10 Íslendingum hafa upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni í samanburði við 6 af hverjum 10 í ESB

- Tæplega 2 af hverjum 10 hafa ekki upplifa vandamál á neinum markaði hér á landi í samanburði við að meðaltali 4 af hverjum 10 í könnun ESB.
- Hlutfallið hefur lítið breyst hér á landi frá árinu 2019.




Spurning 6A. Hefur þú einhvern tímann upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á einhverjum af eftirfarandi mörkuðum, sem leiddu til hærra verðs, takmarkaðs úrvals af vörum eða söluaðilum eða minni gæða? -Vinsamlega veldu þann markað, af eftirfarandi, þar sem þú telur þig helst hafa upplifað slík vandamál, ef við á.

Spurning 6B. Getur þú nefnt einhvern annan markað þar sem þú hefur upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni? -Vinsamlega veldu þann markað, af eftirfarandi, þar sem þú telur þig helst hafa upplifað slík vandamál, ef við á.

Félagsvísindastofnun: Tafla 55.

Íslendingar verða mest varir við samkeppnisvandamál á matvörumarkaði, fjármálaþjónustu og í farþegaþjónustu.

- Íslendingar verða mest varir við samkeppnisvandamál á matvörumarkaði (36%), fjármálaþjónustu (35%) og í farþegaþjónustu (25%).
- Í könnun ESB nefna flestir vandamál á orkumarkaði (28%), matvörumarkaði (20%) og síma- og netþjónusta (19%).
- Á matvörumarkaði og í fjármálaþjónustu hefur hlutfall þeirra sem upplifað hafa vandamál vegna skorts á samkeppni hér á landi hækkað frá 2019 til 2023. Hlutfallið hefur hins vegar lækkað í farþegaþjónustu, orkumarkaði og lyfjamarkaði.




Spurning 6A. Hefur þú einhvern tímann upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á einhverjum af eftirfarandi mörkuðum, sem leiddu til hærra verðs, takmarkaðs úrvals af vörum eða söluaðilum eða minni gæða? -Vinsamlega veldu þann markað, af eftirfarandi, þar sem þú telur þig helst hafa upplifað slík vandamál, ef við á.

Spurning 6B. Getur þú nefnt einhvern annan markað þar sem þú hefur upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni? -Vinsamlega veldu þann markað, af eftirfarandi, þar sem þú telur þig helst hafa upplifað slík vandamál, ef við á.

Félagsvísindastofnun: Tafla 55.

Hátt verð og lítill verðmunur er oftast nefnt þegar spurt er hver séu helstu vandamálín á viðkomandi mörkuðum

- Líkt og í könnuninni árið 2019 þá var hátt verð oftast nefnt þegar spurt var hver væru helstu vandamál á þeim mörkuðum sem svarendur töldu samkeppni ekki vera næga.
- Einnig jókst hlutfall þeirra sem töldu verðið of hátt, eða úr 55% í 60%.
- Í könnun ESB er hátt verð einnig oftast nefnt sem helsta vandamál.



Spurning 7A: Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja [markaður valinn í 6A]. Hver telur þú að helstu vandamálín á þeim markaði séu? Veldu allt sem við á.


Spurning 7B: Þú nefndir einnig að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja [markaður valinn í 6B]. Hver telur þú að helstu vandamálín á þeim markaði séu? Veldu allt sem við á.

Samantekin svör

Félagsvísindastofnun: Tafla 56.

Vandamál sökum skorts á samkeppni: Matvörumarkaður (36%)

- 36% svarenda hafði upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á matvörumarkaði.
- Verð of hátt (58%) oftast nefnt sem vandamál á matvörumarkaði en hefur lækkað í samanburði við könnun árið 2019.
- Næst algengasta vandamálið sem nefnt var að það væri enginn marktækur munur á verði fyrir svipaða vöru eða þjónustu (45%).




Spurning 7. Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á matvörumarkaði. Hver telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu? Veldu allt sem við á.

Félagsvísindastofnun: Tafla 59.

Vandamál sökum skorts á samkeppni : Fjármálaþjónusta (35%)

- 35% svarenda hafði upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á fjármálaþjónustumarkaði.
- Enginn marktækur munur á verði fyrir svipaða vöru eða þjónustu (67%) oftast nefnt sem eitt af helstu vandamálunum á fjármálamarkaði líkt og í síðustu könnun.
- Næst algengasta vandamálið sem nefnt var að verð væri of hátt verð (45%).




Spurning 7. Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á fjármálaþjónustumarkaði. Hver telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu? Veldu allt sem við á.

Félagsvísindastofnun: Tafla 60.

Vandamál sökum skorts á samkeppni : Farþegaþjónusta (26%)

- 26% höfðu upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á farþegaþjónustumarkaði.
- Verð of hátt (61%) oftast nefnt sem vandamál í farþegaþjónustu líkt og í síðustu könnun.
- Næst algengasta vandamálið sem nefnt var að valmöguleikar væru ekki nægjanlega margir (49%).
- Mikil aukning um nefnd vandamál um að erfitt væri að bera saman verð (28%) og gæði (31%) á vöru.




Spurning 7. Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á farþegaþjónustumarkaði. Hver telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu? Veldu allt sem við á.

Félagsvísindastofnun: Tafla 61.

Vandamál sökum skort á samkeppni : Menntun og velferðarþjónusta (13%)

- 13% höfðu upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á menntun og velferðarþjónustu- markaði.
- Valmöguleikar ekki nægjanlega margir (45%) oftast nefnt sem vandamál.
- Næst algengasta vandamálið sem nefnt var að gæði á vörum eða þjónustu ekki nægilega mikil (39%).




Spurning 7. Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á menntun og velferðarþjónustumarkaði. Hver telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu? Veldu allt sem við á.

Félagsvísindastofnun: Tafla 62.

Vandamál sökum skorts á samkeppni : Lyfjamarkaður (13%)

- 13% höfðu upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á lyfjamarkaði.
- Verð of hátt (41%) og ekki nægjanlegir valmöguleikar (41%) oftast nefnt sem vandamál.
- Næst algengustu vandamálin sem nefnd voru þau að enginn marktækur munur væri á verði fyrir svipaða vöru (35%) eða þjónustu og erfitt væri að bera saman verð (36%).




Spurning 7. Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á lyfjamarkaði. Hver telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu? Veldu allt sem við á.

Félagsvísindastofnun: Tafla 64.

Vandamál sökum skort á samkeppni : Orkumarkaður (13%)

- 13% höfðu upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á orkumarkaði.
- Enginn marktækur munur á verði fyrir svipaða vöru eða þjónustu (47%) oftast nefnt sem vandamál.
- Næst algengasta vandamálið sem nefnt var að verð væru of há (40%).
- Hlutfall svarenda sem nefndu að gæði á vörum væru ekki nægilega mikil jókst umtalsvert á milli 2019 og 2023.




Spurning 7. Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á orkumarkaði. Hver telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu? Veldu allt sem við á.

Félagsvísindastofnun: Tafla 63.

Vandamál sökum skort á samkeppni : Síma- og netþjónusta (11%)

- 11% höfðu upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á síma- og netþjónustumarkaði.
- Verð of hátt (50%) oftast nefnt sem vandamál.
- Næst algengasta vandamálið sem nefnt var að enginn marktækur munur væri á verði fyrir svipaða vöru eða þjónustu (42%).




Spurning 7. Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á síma- og netþjónustumarkaði. Hver telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu? Veldu allt sem við á.

Félagsvísindastofnun: Tafla 65.

Vandamál sökum skort á samkeppni : Eldsneytismarkaður (6%)

- 6% höfðu upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á markaði.
- Enginn marktækur munur á verði fyrir svipaða vöru eða þjónustu (66%) oftast nefnt sem vandamál.
- Næst algengasta vandamálið sem nefnt var að verð væru of há (57%).




Spurning 7. Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á eldsneytismarkaði. Hver telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu? Veldu allt sem við á.

Félagsvísindastofnun: Tafla 66.

Vandamál á öðrum en nefndum mörkuðum (4%)

- 4% höfðu upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á öðrum en nefndum mörkuðum.
- Verð væri of hátt (83%) oftast sem nefnt vandamál.
- Næst algengasta vandamálið sem nefnt var að valmöguleikar væru ekki nægjanlega margir (60%).



Spurning 7. Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á öðrum markaði. Hver telur þú að helstu vandamálín á þeim markaði séu? Veldu allt sem við á.


Félagsvísindastofnun: Tafla 67.

3

Aðgerðir til þess að
auka samkeppni

Mikill stuðningur við margvíslegar aðgerðir til að hvetja til aukinnar samkeppni

- Nær allir svarenda telja mikilvægt, til að hvetja til aukinnar samkeppni, að koma í veg fyrir samráð og að sterkir aðilar misnoti stöðu sína (97%).
- Um 8 af hverjum 10 svarenda telja mikilvægt að draga úr forskoti frá samkeppnisaðilum sem njóta ríkisstyrkja innan og utan Evrópska efnahagsvæðisins.




Spurning 9. Hversu mikilvægar eru eftirfarandi aðgerðir til að hvetja til aukinnar samkeppni?

- Draga úr forskoti fyrirtækja sem njóta ríkisstyrkja frá ríkjum utan Evrópska efnahagsvæðisins
- Draga úr forskoti fyrirtækja sem njóta ríkisstyrkja frá ríkjum innan Evrópska efnahagsvæðisins
- Koma í veg fyrir að fyrirtæki misnoti sterka stöðu sína
- Koma í veg fyrir samruna sem draga úr samkeppni á tilteknum markaði
- Koma í veg fyrir og uppræta samráð

Félagsvísindastofnun: Tafla 77-91.

Meiri stuðningur við aðgerðir til að hvetja til aukinnar samkeppni í samanburði við meðaltal ESB

- Hærra hlutfall almennings hér á landi sammála mikilvægi aðgerða til þess að hvetja til aukinnar samkeppni (90%) í samanburði við meðaltal ESB (82%).



Spurning 9. Hversu mikilvægar eru eftirfarandi aðgerðir til að hvetja til aukinnar samkeppni?

- Draga úr forskoti fyrirtækja sem njóta ríkisstyrkja frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins
- Draga úr forskoti fyrirtækja sem njóta ríkisstyrkja frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins
- Koma í veg fyrir að fyrirtæki misnoti sterka stöðu sína
- Koma í veg fyrir samruna sem draga úr samkeppni á tilteknum markaði
- Koma í veg fyrir og uppræta samráð


Félagsvísindastofnun: Tafla 77-91.

4

Viðhorf til
samkeppniseftirlits

Samkeppniseftirlitið er oftast nefnt þegar spurt er hvert eigi að leita vegna samkeppnisvandamála

- 4 af hverjum 10 segjast myndu snúa sér til Samkeppniseftirlitsins ef þau yrðu vör við alvarlegt samkeppnisvandamál.
- Yfir þriðjungur myndi snúa sér til neytendasamtaka.
- Í könnun ESB var meira en helmingur sem myndi fyrst leita til neytendasamtaka og um þriðjungur til samkeppniseftirlits í viðkomandi lands.
- Rúmlega 1 af hverjum 10 svarenda á Íslandi munu ekki leita til neins aðila ef þeir yrðu varir við alvarlegt samkeppnisvandamál.




Spurning 1. Til hvaða aðila myndir þú leita fyrst til ef þú yrðir var/vör/vart við alvarlegt samkeppnisvandamál?

Félagsvísindastofnun: Tafla 7.

Um 6 af hverjum 10 hafa heyrt eða lesið um samkeppnismál á sl. 12 mánuðum, samanborið við 5 af hverjum 10 í könnun ESB

- Um 6 af hverjum 10 hafa á síðustu 12 mánuðum lesið eða heyrt um samkeppnismál samanborið við 5 af hverjum 10 í könnun ESB.
- Færri Íslendingar heyrðu eða lásu um samkeppnismál árið 2023 (58%) samanborið við 2019 (68%).




Spurning 2. Hefur þú, á sl. 12 mánuðum, heyrt eða lesið um einhverjar af eftirtöldum tegundum af samkeppnismálum?
Samantekin svör.

Félagsvísindastofnun: Tafla 10-21.

Almenningur mismeðvitaður um samkeppnismál eftir málaflokkum

- Flestir svarendur höfðu lesið eða heyrt um mál tengd misnotkun á markaðsráðandi stöðu (66%) og fæstir lesið eða heyrt um mál tengt ríkisstyrkjum eða ríkisaðstoð (48%).
- Í könnun ESB höfðu færri lesið eða heyrt um samkeppnismál en hér á landi, eða að meðaltali um 45% samanborið við 58%.



Spurning 2. Hefur þú, á sl. 12 mánuðum, heyrt eða lesið um einhverjar af eftirtöldum tegundum af samkeppnismálum?

-Misnotkun fyrirtækja í sterkri stöðu á markaði á stöðu sinni

-Fyrirhugaða samruna fyrirtækja sem fækka keppinautum á tilteknum markaði


-Ólöglegt samráð á milli fyrirtækja sem hækkar verð eða raskar samkeppni að öðru leyti

-Ríkisstyrki eða -aðstoð, t.a.m. skattaávilnanir til handa tilteknum fyrirtækjum

Félagsvísindastofnun: Tafla 10-21.

Algengast að almenningur lesi um samkeppnismál í dagblöðum eða tímaritum, þ.m.t. vefútgáfum

- Flestir svarendur höfðu lesið um samkeppnismál í dagblaði, tímariti eða vefútgáfu (57%), næst algengast var í sjónvarpi (49%) og samfélagsmiðlum (49%).
- Í könnun ESB voru einnig dagblöð og tímarit oftast nefnd og í kjölfarið sjónvarp og samfélagsmiðlar.
- Á milli 2019 og 2023 hefur hlutfall þeirra sem heyra eða lesa um samkeppnismál á samfélagsmiðlum hækkað en lækkað þegar kemur að dagblöðum, tímaritum eða vefútgáfum.




Spurning 3. Hvar heyrðir þú eða last um þessi samkeppnismál?
Vinsamlega veldu allt sem við á.

Félagsvísindastofnun: Tafla 22.

8 af hverjum 10 nefndu Samkeppniseftirlitið þegar spurt var hjá hverjum málið var til meðferðar samanborið við 6 af hverjum 10 í könnun EBS

- Um 8 af hverjum 10 nefndu Samkeppniseftirlitið þegar spurt var hjá hvaða stjórnvaldi málið hefði verið til meðferðar sem viðkomandi hefði orðið var/vör við. Er hlutfallið lægra en í síðustu könnun en þar sem nær allir svarendur nefndu Samkeppniseftirlitið.
- Í könnun ESB voru 6 af hverjum 10 sem sögðu samkeppniseftirlit í viðkomandi landi en annars voru 27% sem nefndu Framkvæmdarstjórn ESB.



Spurning 4. Veistu hjá hvaða stjórnvaldi málið var til meðferðar?
Vinsamlega veldu allt sem við á.

Félagsvísindastofnun: Tafla 25.

